

Hér stóð bær.

Hér stóð bær með burstir fjórar.

Hér stóð bær með burstir þrjár.

Hér stóð bær með burstir tvær.

Hér hefur aldrei staðið bær.

Ég er heima á Hellissandi,

kominn heim á gamla slóð.

Undir Jökli er góður andi,

yldulyktin harla góð.

Kominn heim til að kíkja á þústir

eftir kotin á grænni lóð

og þessar frægu brunarústir

þar sem Frystihúsið stóð.

Ég er kominn heim til að heilsa Rögga,

hann átti allt sem brann.

Kominn heim að finna Fúsa,

þenna fimmmhundraðprósent mann.

Kominn heim til að heilsa Gunnu,

sem giftist allt of ung

og ýmsum stelpum öðrum

og svo Ótta kattapung.

Inní Röstinni menn reyna

sig í rokki, djæf og tvist.

Þar menn vagga á ýmsa vegu

þar er vangað, slegist kysst.

Þó að Hellublokkinn hóti

er hún Hulda Skúla þyrst;

ég var boðinn heim á blótið

sem að bara klúðraðist.

Ég er kominn heim á Hellissandinn

a

en verstur finnst mér fjandinn

hve fátt er þar óbrennt.

Texti Jón Hjartarson.